

**V. ÝMIS ÁKVÆÐI**

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitustjórn heimilt að hækka raforku-reikningana um 30% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvisitölu frá og með 1. marz 1966 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 4%.

Ef fyrirsjáanlegt er, að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráða-birgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til þess að draga úr orkunotkun á veitu-svæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Söluskattur 7.5% er innifalinn í þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 161 28. sept-ember 1962.

*Atvinnumálaráðuneytið, 24. marz 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar, sbr. reglugerð nr. 67 29. júní 1932.**

**1. gr.**

6. mgr. 1. gr. orðist svo:

Nú nær váttryggingarskírteini til annarrar tryggingar en hinnar lögboðnu ábyrgð-artryggingar, og skal þá skírteinið bera með sér svo greinilega, að ekki verði um villzt, skilmála og iðngjöld fyrir hverja trygginu. Í endurnýjunarkvittun skal og sundurliða iðgjöld á sama hátt.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. marz 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*